



Minnisblað

Efni: Næturleiðir Strætó

Frá: Skipulag/Leiðakerfi, Strætó bs.

Til: Stjórn Strætó

Dagsetning: 30.09.2022

Næturleiðir Strætó

Þann 8. júlí 2022 hófst næturakstur Strætó að nýju eftir að hafa legið í dvala frá upphafi heimsfaraldurs árið 2020. Byrjað var með 7 leiðir sem ná yfir fjölmennstu svæði höfuðborgarsvæðsins, tveimur fleiri en þegar næturakstur var lagður af. Sjá má yfirlit yfir leiðir í töflu 1 og kort af leiðum aftast í þessu minnisblaði á myndum 1 og 2.

Tafla 1 Yfirlit yfir næturleiðir Strætó

101	Lækjargata - Hafnarfjörður
102	Lækjargata - Kópavogur (Lindir, Salir, Hvörf)
103	Hlemmur - Breiðholt
104*	Lækjargata - Úlfarsárdalur (Grafarholt)
105	Lækjargata - Norðlingaholt (Árbær)
106	Lækjargata - Mosfellsbær (Grafarvogur)
107*	Hlemmur - Seltjarnarnes

*Leiðir 104 og 107 óku ekki fyrir heimsfaraldurinn. Leið 104 var bætt við til að bæta við þjónustu í Úlfarsárdal og Grafarholt þar sem engin næturleið ók áður. Leið 107 (hét áður 111) hafði áður verið ekin en var lögð af vegna dræmrar notkunar.

Farþegatölur

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir farþegatölur frá 2018, 2019 og 2022. Farþegatölurnar eru áætlaðar út frá þeim talningum sem liggja fyrir og reiknaðar fyrir heilan mánuð. Einnig ber að nefna að fjöldi helga er mismunandi á milli mánuða.

Tafla 2 Farþegatölur frá júlí - sept árin 2018, 2019 og 2022. Tölur eru áætlaðar út frá þeim talningum sem liggja fyrir.

	101	102	103	105	106	107	samtals
Júlí 2018	672	209	449	375	387	124	2216
Júlí 2019	162	103	162	111	106		644
Júlí 2022	426	240	288	164	292	89	1499
Ágúst 2018	576	254	532	565	419	407	2753
Ágúst 2019	387	297	550	287	313		1834
Ágúst 2022*	439	179	469	183	338	98	1706
September 2018	757	184	546	639	330	156	2612
September 2019	375	198	455	213	368		1609
September 2022	623	344	319	238	295	87	1903

*Athugið að farþegatölur fyrir Menningarnótt 2022 liggja ekki fyrir. Því er líklegt að farþegatölur fyrir ágúst 2022 séu hærri.

Strætó bs.

Hestháls 14

110 Reykjavík

S. 540-2700

stræto.is

Athygli vekur að í flestum tilvikum eru hæstu farþegatölurnar fyrir árið 2018. Leið 107 var hætt akstri 2019 og því eru engar farþegatölur fyrir 2019 á þeirri leið.

Tafla 3 sýnir yfirlit yfir helstu meðaltals farþegatölur eftir leið. Athugið að farþegatölur yfir Menningarnótt eru ekki í farþegatölunum sem birtast í töflu 2 og því er einungis um hefðbundnar helgar að ræða. Um er að ræða handtalningar fyrir 16 - 22 kvöld, mismunandi eftir leiðum.

Tafla 3 Farþegatölur fyrir næturleiðir Strætó, meðaltöl. Tölur fengnar út frá handtalningu vagnstjóra flestar helgar frá júlí 2022.

Farþegatölur	101	102	103	104	105	106	107	meðaltal
Farþegar á kvöldi að meðaltali	54,2	28,2	37,1	13,4	21,1	34,1	10,4	28,3
Farþegar á föstudagskvöldum að meðaltali	41,7	22,9	24,3	10,6	18,3	27,8	7,875	21,9
Farþegar meðaltal á laugardagskvöldum	68,0	34,1	51,3	16,6	24,1	44,7	13,25	36,0
Farþegar á klst	14,7	9,3	10,9	4,6	7,5	11,1	4,5	9,2 farþegar/klst
Farþegar í júlí og ágúst	772	371	699	216	314	538	169	439,9 á leið

Sjá má að leið 101 sem ekur til Hafnarfjarðar er með flesta farþega í öllum flokkum. Leið 107 sem ekur að Seltjarnarnesi er með fæsta farþega og er minnst nýtt. Næst fæstir farþegar eru á leið 104 sem ekur í Úlfarsárdal. Þegar teknir eru farþegar á klukkustund þá munar ekki miklu á leið 107 og 104 þar sem leið 104 eru með 4,6 farþega/klst og leið 107 er með um 4,5 farþega/klst. Gott er að hafa í huga að leið 104 er ný leið og hugsanlegt er að notkunin sé minni en á öðrum leiðum vegna þess mögulega þarf að upplýsa íbúa frekar um þjónustuna sem í boði er. Leið 107 var ekin á sínum tíma þegar næturleiðirnar byrjuðu upphaflega, en var seinna lögð niður vegna fárra farþega. Flestir farþegar á klst. eru á leið 101, með um 14,6 farþega/klst. og á leið 106 með um 11,1 farþega á klst. Athygli vekur að það eru töluvert fleiri farþegar á laugardagskvöldum en á föstudagskvöldum. Að meðaltali eru um 21,9 farþegar á leið á föstudagskvöldum, en um 36 farþegar á laugardagskvöldum.

Farþegatalningar voru fengnar út frá handtalningu vagnstjóra og því má gera ráð fyrir einhverri skekkju. Okkar reynsla er síu að líklegra er að farþegafjöldinn sé aðeins hærri en tölurnar sem við fáum úr handtalningunni. Við gerum því ráð fyrir að handtalningar gefi okkur lágmarksfjöldann en hann gæti verið eitthvað hærri í raun.

Kostnaður og tekjur á farþega

Forsendur

Teknar voru saman upplýsingar um kreditkortaborganir á leiðum 101-106¹ árið 2022 ásamt því að teknar voru saman borganir með Klappinu. Gert var ráð fyrir að farþegar sem borga með öðrum hætti (þá aðallega með gamla appinu), að 20% þeirra borgi stakt fargjald. Athugið að margir borga með tímabilskortum, en engar tekjur voru reiknaðar á tímabilskort. Einhverjir farþegar gætu hafa keypt tímabilskort sérstaklega til að geta nýtt næturleiðir. Öryggisgæslukostnaður er um 125.000 kr. á kvöldi, sem gerir um 17.860 kr. á leið á hverju kvöldi. Jafnframt var gert ráð fyrir 20.000 kr. gjaldi á klukkustund í akstri og um 100.000 kr. kostnaði á kvöldi í að manna flotafulltrúa, sem gerir tæplega 14.300 kr. á leið.

Tegund borgunar

Tafla 4 sýnir yfirlit yfir greiðslumáta farþega. Að meðaltali voru um 23,8% farþega sem greiddu stakt fargjald með kreditkorti og var hæsta hlutfall þeirra sem greiða með kreditkorti á leið 105 og 106, um 28% farþega. Ef greitt er með kreditkorti þarf að greiða 1000 kr. fyrir stakt fargjald. Um 19,6% borguðu stakt fargjald með Klappi, stakt gjald í Klappinu er 490 kr. Hæsta hlutfallið var á leið 104, um 24,3% farþega,. Um 14,4% farþega borguðu með Klapp

¹ Það vantar upplýsingar um kreditkortafærslur fyrir leið 107.

tímabilskortum eða öðrum Klapp vörum. Hæsta hlutfallið var á leið 103 þar sem 21,2% farþega borguðu með slíkum hætti. Að meðaltali voru um 42% farþega sem borguðu með öðrum hætti, þá í flestum tilvikum með gamla appinu.

Alls hafa komið inn 1.425.000 kr. í gegnum kreditkortafærslur síðan akstur hófst í júlí. Mest í ágúst og má telja líklegt að Menningarnótt hafi haft þar áhrif. Um 355.000 kr. hafa borist í gegnum stakt gjald frá Klappinu. Erfitt er að sjá beina upphæð úr gamla appinu og erum við því ekki með gögn verðandi það. Gert er ráð fyrir að um 20% af öðrum greiðslumáttum séu stakt fargjald sem gera um 52.000 kr. Alls gerum við því ráð fyrir að beinar tekjur séu um 1.832.000 kr². fyrir næturakstur síðan í upphafi júlí 2022. Athugið að tekjur vegna tímabilskorta, sem mögulega hafa verið keypt vegna þjónustu næturleiða hafa ekki verið teknar með í útreikninginn, enda ómögulegt að áætla það. Einnig eru kreditkortatekjur vegna leiðar 107 ekki meðtalda.

Tafla 4 Tegund borgunar, júlí – sept 2022.

	101	102	103	104	105	106	107	meðaltal
Hlutfall farþega sem borga með kreditkorti	22,2%	26,2%	25,7%	23,7%	28,0%	28,0%	ekki vitað*	23,8%
Hlutfall farþega sem borga með klapp stakt gjald	21,4%	21,3%	19,8%	24,3%	22,7%	22,8%	10,6%	19,6%
Hlutfall farþega sem borga með Klapp tímabilskort og annað	17,0%	11,2%	21,2%	15,6%	16,4%	13,0%	12,7%	14,4%
Hlutfall þeirra sem borga með öðrum hætti (t.d Gamla appið)	39,4%	41,3%	33,2%	36,4%	33,0%	36,2%	ekki vitað*	42,2%

*Það vantar upplýsingar um kreditkortafærslur á leið 107.

Kostnaður á farþega

Tafla 5 sýnir kostnaður á farþega eftir leiðum, með og án öryggiskostnaðar. Mesti kostnaður á farþega án þess að taka inn tekjur er á leiðum 107 og 104. Minnist kostnaður á farþega er á leiðum 101 og 103. Að meðaltali er kostnaður á farþega án þess að taka inn tekjur um 3.322 kr. á farþega að meðaltali. Ef tekjur eru teknar með er kostnaður á farþega um 2.573 kr. að meðaltali.

Vert er að nefna að kostnaður vegna öryggisgæslu er töluvert hár. Víða erlendis þekkist að hafa akstur um nætur án þess að skipa til sérstakrar öryggisgæslu. Þá má nefna að leigubílar í miðbænum eru ekki með sérstaka gæslu í leigubílaröðinni um helgar og má segja að næturakstur sé líkur þeirri þjónustu. Vert er að velta því fyrir sér hvort að það þurfi öryggisgæslu fyrir næturakstur, og ef það þarf hvort það sé á ábyrgð Strætó.

Tafla 5 Kostnaður á farþega, athugið að allar tölur eru í krónum talið, júlí – sept 2022..

	101	102	103	104	105	106	107	meðaltal
Kostnaður á farþega með öryggis og flotafulltrúagjöldum (án þess að taka inn tekjur)	1.955	3.256	2.586	7.150	4.188	2.734	7.542	3.322
Kostnaður á farþega með öryggisgæslu og flotafulltrúagjöldum (tekjur teknar með)	1.582	2.831	2.197	6.340	3.898	1.844	ekki vitað*	2.573
Kostnaður á farþega án öryggisgæslu (tekjur teknar með)	1.252	2.198	1.716	5.009	3.049	1.321	ekki vitað*	

² Tölur frá 19.9.2022

Öryggisgæslukostnaður á farþega	330	633	481	1.331	848	523	1.723	
Flotafulltrúar kostnaður á farþega	264	507	385	1.065	679	419	1.380	


*Það vantar upplýsingar um kreditkortagreiðslur á leið 107

Aðgerðir til hagræðingar


Eins og fram hefur komið í umræðunni hefur skapast vandi í miðbænum fyrir fólk að komast heim á kvöldin um helgar. Næturleiðir minnka þann vanda og geta komið fleirum heim með öruggum hætti. Ástæða er til að halda akstri áfram á stærstu næturleiðunum þar sem þær eru ágætlega nýttar. Ef vilji er til að halda áfram með þjónustu næturaksturs þá er hægt að taka til aðgerða til að hagræða í rekstri.

- Láta alla farþega sem borga stakt gjald greiða tvöfalt fargjald líkt og var fyrir heimsfaraldur
- Hætta með öryggisgæslu við Lækjartorg
- Endurskoða akstursleiðir, stytta sumar leiðir eða samnýta leiðir betur
- Mögulega væri hægt að hætta með leið 107 sem hefur verið lítið nýtt og á sögu um litla notkun.
- Ef hætta þarf akstri fleiri næturleiða er lagt til að hætta akstri á leið 104. Bendum þó á að leiðin er mjög ný og dræm notkun gæti verið vegna þess að íbúar í hverfinu eiga eftir að uppgötva þjónustuna betur.

Sjá má yfirlitskort af Næturleiðum á myndum 1 og 2. Einnig er hægt að skoða í Remix hér: <https://eu.remix.com/map/a33f4449?latlng=64.11605,-21.87982,10.915>



Mynd 1 Leiðir 103 til 107.



Mynd 2 Leiðir 101 og 102.